



Ráðstefna um alþjóðlegan fjárfestingarétt

Háskólinn í Reykjavík
18. nóvember 2013

Ólafur Sigurðsson
utanríkisráðuneyti



I. Fjárfestingasamningar innan stjórnarráðsins

- Þrjú ráðuneyti koma að málefnum erlendra fjárfestinga, ANR, FJR og UTN
- Gerð tvíhliða fjárfestingasamninga flutt frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis í maí 2009



II. Fjárfestingasamningar Íslands

- Undirritaðir hafa verið 9 samningar
- Chile, Egyptaland, Indland, Kína, Lettland, Litháen, Líbanon, Mexíkó, Víetnam
- Elsti samningurinn við Kína (1997), nýjasti samningurinn við Indland (2008)
- Samningur áritaður við Úganda 2008 en ekki undirritaður
- EFTA-ríkin og Singapúr gerðu sérstakan fjárfestingasamning er tók gildi 2003
- Þrjú EFTA-ríki og Suður-Kórea gerðu fjárfestingasamning er tók gildi 2006
- Viðræður í gangi við Tyrkland



III. Fríverslunarsamningar og ákvæði um fjárfestingar

- EFTA-ríkin hafa gert 26 fríverslunarsamninga
- Í mörgum þeirra eru ákvæði um fjárfestingar
- Fjalla einkum um staðfesturétt, þ.e. rétt fyrirtækja til að setja á fót starfsemi í þágu fjárfestingar
- Listi með fyrirvörum fylgir í viðauka
- Fjalla ekki um vernd fjárfesta
- Ríki sem vilja semja um sérstaka vernd fjárfesta, gera sérstakan tvíhliða fjárfestingasamning



IV. Samningsfyrirmynd Íslands

- Byggð á drögum að alþjóðlegri samningsfyrirmynd innan OECD í byrjun þessarar aldar, en samkomulag náðist ekki
- Er í 15 greinum
- Jafnréttiskjör / bestukjör
- Eignarnám – aðeins ef brýnir þjóðarhagsmunir krefjast þess
- Fjármagnshreyfingar / öryggisákvæði vegna greiðslujafnaðarvanda
- Lausn deilumála – gerðardómur
- Samningar fyrst og fremst gerðir milli iðnríkja og vanþróaðri ríkja
- Samningarnir veita engan sjálfstæðan rétt, grundvallast á lögum og reglum í samningsríkjum



V. Áhersla á fjölgun fjárfestingasamninga

- Ríkisstjórn – skapa skuli starfsumhverfi sem ýti undir fjárfestingu, áhersla lögð á að auka útflutning og fjölga fríverslunarsamningum
- Alþingi – þingsályktun í mars 2011 um að utanríkisráðherra hefji stefnumótun að gerð fjárfestingasamninga, með áherslu á að þeim skuli fjölgað
- Viðskiptaráð – ósk um fjölgun samninga, við ríki A-Evrópu utan EES, ríki SA Asíu og fjarlæg nýmarkaðslönd, s.s. Ástralíu, Brasilíu, Indónesíu, Suður-Afríku



VI. Stefnumörkun utanríkisráðuneytisins

- a) Gerðir skulu fjárfestingasamningar við ríki sem hafa vaxið hratt og þar sem ætla má að viðskiptatækifærum muni fjölga á næstunni
- b) Gerðir skulu samningar við ríki sem nú þegar eiga í viðskiptum eða samstarfi við íslenskra aðila og fjármagnshreyfingar eiga sér stað á milli landanna
- c) Gerðir skulu samningar við ríki sem hafa gert fríverslunar-, tvísköttunar- eða loftferðasamning við Ísland, til að tryggja enn frekar þá hagsmuni sem felast í þessum samningum
- Byggir á því að ekki sé nauðsynlegt að gera samninga við ríki á EES-svæðinu og við OECD ríki, enda réttarvernd fjárfesta talin nægileg í þessum löndum



VII. Viðræður við Tyrkland

- Tveir samningafundir haldnir, í janúar 2012 og júlí 2013
- Samningur langt kominn, ákvæði um tímabundna dvöl starfsmanna og fjármagnsflutninga útistandandi
- Í gildi er EFTA-fríverslunarsamningur og loftferðasamningur við Tyrkland



VIII. Frekari viðræður

- Albanía – senda ný samningsdrög, höfðu áður samþykkt eldri fyrirmynd. Fríverslunar- og tvísköttunarsamningar í gildi
- Úkraína – skipst á samningsfyrirmyndum. Fríverslunar- og tvísköttunarsamningur í gildi
- Rússland – samningur undirritaður 2002, ekki staðfestur af rússneska þinginu. Tvísköttunar- og loftferðasamningur í gildi



IX. Hugsanleg ný samningsríki

- **I**ndónesía – ört vaxandi efnahagsveldi og eitt fjölmennasta ríki heims. Jarðhiti. Fríverslunar- og loftferðasamningur í gildi
- **F**ilippseyjar – ört vaxandi efnahagsveldi. Jarðhitasamstarf
- **E**píópía – jarðhitasamstarf
- **S**uður-Afríka, Súrínam, Jamaíka
- **E**kki **B**rasilía, hafa undirritað nokkra samninga en ekki fullgilt þá



X. Alþjóðleg þróun

- Samstarf á alþjóðavettvangi (OECD/UNCTAD)
- Ríki eru í vaxandi mæli að endurskoða eldri samninga
- Auknar kröfur um nýja kynslóð samninga, sem m.a. feli í sér sjálfbæra þróun og umhverfismál



XI. Endurskoðun á núverandi stefnu

- Samningsfyrirmynd Íslands í stöðugri þróun
- Áframhaldandi samráð við stjórnvöld og hagsmunaaðila um hvaða ríki eigi að semja við
- Önnur ráðuneyti, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Fjárfestingastofa



TAKK FYRIR